



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 14. mars 2023
23031122/205.05 SSF

Efni: Umsögn til bæjarráðs – veitingarými í Gerðarsafni

Eftir að hafa auglýst laust til leigu veitingarýmið í Gerðarsafni hefur náðst samkomulag við einstakling sem á og rekur tvo aðra veitingastaði í miðbænum. Hann hyggst nýta rýmið til þess að bjóða upp á veitingasölu fram á kvöld og þannig bæta við flóru lista og menningar á svæðinu. Fyrirséð er að gestir tónleika og viðburða í Salnum geti nýtt sér þjónustuna fyrir eða eftir sýningar. Samningurinn er tímabundinn til loka árs 2025 og verður þá endursamið um afnot af rýminu ef vel gengur. Leiguverð er markaðsleiga á fermetra á svæðinu en veittur er afsláttur fyrri tvö rekstrarárin en greidd er full leigufjárhæð árið 2025. Leiguverð verðbætist m.v. neysluverðsvísitölu.

Óskað er eftir því að bæjarráð samþykki samninginn.

Virðingarfyllst,

Soffía Karlsdóttir
forstöðumaður menningarmála

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026